

Alþingi
Erindi nr. B 119/70
komudagur 7/6 1995



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 7. júní 1995

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Samtökum iðnaðarins barst hinn 1. júní erindi frá efnahags- og viðskiptanefnd þar sem óskað er eftir umsögn Samtakanna um frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Samtök iðnaðarins treysta sér ekki til og vilja ekki gefa ítarlega umsögn um jafn viðamikið frumvarp og þetta á þeim skamma tíma sem veittur er. Samtökin áskilja sér því rétt til þess að gera athugasemdir á síðari stigum við þau lög sem sett verða á grundvelli fyrirbyggjandi framvarps.

Það veldur vonbrigðum að sú sem stefna sem virðist tekin með þessu frumvarpi felur ekki í sér neina tilburði í þá átt að veita landbúnaðinum og tengdum greinum neina raunverulega samkeppni. Tollar eru þannig ákveðnir að ekki verður um neinn alvöru innflutning að ræða. Þeir einu sem munu flytja inn afurðir verða aðilar sem hafa ráðandi stöðu á smásölustiginu. Það munu þeir gera fyrst og fremst í auglýsingaskyni og til þess að trufla markaðinn. Eina varan sem sýnist geta lent í raunverulegri samkeppni er framleiðsla íslenskra ísgerða. Þar er krónutölutollurinn settur 110 kr. á kíló þegar tollurinn er kr. 430 á kíló mjólkurdufts og 623 kr. á smjörkíló, svo dæmi séu tekin af aðföngum iðnfyrirtækja.

Íslenskir framleiðendur sem fengu fyrirheit um það við inngönguna í EFTA að þeir skyldu fá landbúnaðarvörur til framleiðslu sinnar á heimsmarkaðsverði eru engu betur settir með okurtolla í stað innflutningsbanns. Samtökin höfðu staðið í þeirri meiningu að GATT-samningurinn myndi opna fyrir innflutning á þessum vörum til landsins og rjúfa þannig þá einokunarstöðu hráefnissala sem iðnaðurinn hefur mátt búa við.

Samtök iðnaðarins vilja vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á einu atriði sem er fyrirkomulag verðjöfnunargjalda við inn- og útflutning. Í bókun 3 við EES-samninginn er gert ráð fyrir verðjöfnunarkerfi á öllu EES-svæðinu. Nú er ljóst að þetta verðjöfnunarkerfi verður ekki að veruleika vegna áhugaleysis ESB, en rætt hefur verið um að í stað verðjöfnunargjalda komi tollur. Hvort sem um verðjöfnunargjald eða toll verður að ræða þarf að halda þessum gjöldum aðgreindum frá verndartollum því eðli þeirra er allt annað. Í frumvarpinu er alls ekki ljóst hvernig með skuli fara en eðli málsins samkvæmt þurfa tollalög að gera ráð fyrir verðjöfnunargjöldum sem snúa jafnt að inn- og útflutningi.



Dæmi um verðjöfnunargjald er að þegar súkkulaði er flutt til Íslands er lagt verðjöfnunargjald í samræmi við mjólkurduftsinnihald þess. Gjaldið reiknast sem mismunurinn á heimsmarkaðsverði og íslensku verði á mjólkurdufti. Þegar súkkulaði er flutt frá Íslandi ætti það sama að gerast með öfugum formerkjum. Íslenski framleiðandinn ætti þá að fá þá greiðslu sem nemur því að hann hefði fengið mjólkurduftið á heimsmarkaðsverði.

Það er krafa Samtaka iðnaðarins að sett verði skýr ákvæði um verðjöfnunargjöldin í tollalög eða opnað fyrir heimild til handa íslenskum iðnfyrirtækjum að flytja inn landbúnaðarhráefni eins og önnur hráefni án aðflutningsgjalda.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri